

Fundur skólaráðs Grunnskólans á Eskifirði

Haldinn þann 6. desember 2017

Fundinn sátu : Birgir Jónsson skólastjóri, Friðrik Á. Þorvaldsson kennari, Ragnar Valgeir Jónsson kennari, Petrína Kristín Sigurðardóttir stuðningsfulltrúi, Bergmann Þór Kristjánsson fulltrúi grenndarsamfélagsins, Henný Gígja Guðbjörnsdóttir fulltrúi nemenda, Benedikta Diljá Pétursdóttir fulltrúi nemenda.

Mál á dagskrá

1.mál Starfsáætlun Grunnskóla Eskifjarðar.

Áætlunin var yfirfarin, gerðar breytingar og hún samþykkt í skólaráði. Áætlunin verður send til fræðslunefndar til skoðunar.

2. mál Fundir skólaráðs til vors- tímasetningar.

10. janúar – 7. febrúar – 14. mars – 4. apríl – 2. maí

3. mál Opinn fundur sem skólaráð stendur fyrir.

Ráðgert er að halda opinn fund fyrir foreldra og aðra áhugasama fimmtudaginn 15. mars 2018. Fundur þessi verður skipulagður frekar á fundum skólaráðs.

4. mál Fundur með nemendaráði.

Sameiginlegur fundur skólaráðs og nemendaráðs verður haldinn 10. janúar.

5. mál Verkefni sem skólaráð ætlar sér að hafa forystu um í vetur.

Rætt var um að halda hátt á lofti einkennisorðum þeim sem Grunnskólinn á Eskifirði vill starfa eftir þ.e. Virðing – Þekking – Færni – Áræði. Stefnt er að því að vinna í hverjum mánuði með ákveðið orð eða hugtak sem vert er að vinna með til að bæta enn skólastarf okkar.

Stefnt er að því að hugstormun eigi sér stað á næsta starfsmannafundi þar sem orð mánaðarins eru ákveðin og þá á hvaða hátt best sé að kynna þau og vinna með þau með öllum sem að skólastarfinu koma.

6. mál Önnur mál

- a) Birgir skólastjóri hvatti skólaráðið til að skoða heimasíðu skólans vel með það í huga hvernig hún verði á sem bestan hátt lifandi fyrir skólasamfélagið allt. Hvað má betur fara á heimasíðunni. Gert er ráð fyrir nokkrum breytingum á henni er líður á skólaárið.
- b) Skólaráð var sammála um að hvetja foreldrafélagið til góðra verka. Bent var á þá leið fyrir foreldraráðið að sækja í samfélagssjóði um fjármagn til að standa fyrir fræðslufundum og öðru sem áhugavert þykir fyrir foreldra og aðra sem að skólamálum koma.
- c) Facebókarsíða skólans gæti komið að góðum notum til að koma skólalífinu betur til skila til foreldra, nemenda og annarra sem að skólanum koma. Vert er að styrkja hana enn frekar. Nauðsynlegt er að hvetja kennara og nemendaráðið til að koma fréttum og upplýsingum á heimasíðuna/facebókina.

Fundi slitið

Friðrik Á. Þorvaldsson